

# margt smátt ...

2. tbl. 2019



Hjálparstarf kirkjunnar  
**actalliance**



# Eitt skref í einu

Fólk sem hefur leitað aðstoðar hjá Hjálparstarfi kirkjunnar hér á Íslandi segir að það sé mjög erfitt að taka það skref að biðja um aðstoð. Sem betur fer hefur reynslan sýnt okkur að aðstoðarbeiðnin er oftast fyrsta skrefið á leið til betra lífs.

Kona sem leitaði stuðnings hjá Hjálparstarfinu til þess að geta stundað iðnnám þegar hún var ung sagði okkur nokkrum árum síðar að stuðningurinn hefði gert gæfumuninn fyrir hana. Aðstæður hennar voru einfaldlega þannig að ekki voru til peningar til að mæta kostnaði við námið sem nú tryggir henni gott starf og góð laun.

Þær eru líka áhrifaríkar frásögurnar frá verkefnasvæðum Hjálparstarfsins í Úganda. Frásögur ungmenna í Kampala sem hafa hafið störf við hárgreiðslu, fatasaum, veitingaþjónustu og við sölu og viðhaldi ýmissa raftækja eftir nám í menntasmiðjum samstarfsaðila okkar þar. Eða sögur fjölskyldna í sveitunum í Lyantonde og Rakai sem áður hjuggu í hreysum við afar slæmar aðstæður en hafa nú fengið hjús með vatnstanki, eldaskála og hreinlætisástöðu. Fjölskyldurnar, sem búa við skort vegna veikinda foreldra af völdum HIV-smits, fá einnig tækifæri til að rækta grænmeti og geitur til að bæta lífsafkomuna, skref fyrir skref.

„Við verðum að huga betur að öruggi og velferð ungra stúlkna,“ sagði Duram sem er í stjórn samtakanna sem við störfum með í Lyantonde og Rakai. „Þær eru í mjög viðkvæmri stöðu. Menning okkar leiðir til þess að þær eiga á hættu að verða ófrískar og neyddar allt of ungar í hjónaband. Við verðum líka að hjálpa unga fólkinu okkar sem flosnar upp úr námi við að komast í



Bjarni og Duram í Lyantonde í Úganda í maí 2019.

starfsnám svo þau geti lært iðn sem þau geta svo fengið vinnu við eða hafið lítinn rekstur sjálf.

Vinnusemi, það að hafa markmið og vita hvert maður er að fara og taka svo eitt skref í einu er lykilinn að velgengni í lífinu. Sjálfur byrjaði ég smátt. Fyrst átti ég leirkofa en nú bý ég í finu steinhúsi, ég eignaðist fyrst reiðhjól, síðan mótörhjól og loks bíl. Ég fór eins að í rækta landið og koma mér upp bústofni.“

Duram er bæði skynsamur og með stórt hjarta. Árið 2011 gaf hann einstæðri HIV-smitaðri móður þriggja barna landskika og þar byggði Hjálparstarfið hús með öllu fyrir hana og börnin. Nú farnast þeirri fjölskyldu vel. Duram á sjálfur sex börn en sér að auki fjórtán börnum efnalitilla ættingja og vina farborða. Það er frábært að hafa slíkan leiðtoga sem Duram er í stjórn samtakanna.

Eitt skref í einu er er árangursrík aðferð fyrir hvert og eitt og okkar í hverju því sem við tökum okkur fyrir hendur. Duram er svo sannarlega góð fyrirmynd fyrir okkur öll en það er líka fólkið sem er nógu hugrakk til að taka fyrsta skrefið!

**Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar**

Hraustar stelpur á leið heim úr skólanum í sveitinni í Lyantonde í Úganda. Þar aðstoðar Hjálparstarf kirkjunnar munaðarlaus börn sem búa við örþirgð af völdum HIV-veirunnar og alnæmis í samvinnu við grasrótarsamtökin RACOBAAO.



## Grasrótastarf er sjálfbær leið að heimsmarkmiðunum

Hjálparstarf kirkjunnar hefur það hlutverk að vinna með og í þágu fólks sem býr við mikla fátækt hvort sem það er hér á Íslandi, í kjölfar náttúruhamfara og vegna átaka á alþjóðavettvangi eða með þróunarsamvinnu í fátækustu samfélögum heims.

Hér heima vinna félagsráðgjafar Hjálparstarfsins með fólkinu sem til okkar leitar á þann hátt að hjálpin sé til sjálfshjálpar. Um leið og veitt er neyðarstoð til skemmri tíma segir fólkið sjálf hvert það vill stefna og fær stuðning ráðgjafanna við að ná markmiðum sínum til lengri tíma.

Við höfum langa og góða reynslu af samvinnu við grasrótarsamtök á verkefnasvæðum erlendis sem vinna á sama

hátt og félagsráðgjafar Hjálparstarfsins og við höfum séð með eigin augum að starf þeirra leiðir til raunverulegrar valdeflingar þeirra sem starfað er með.

Til þess að heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun náist fyrir árið 2030 verður að ráðast að rótum fátæktar á heildrænan og margslunginn hátt. Stjórnvöld í hverju landi verða að marka stefnu og fylgja henni og stjórnvöld verða að starfa saman á alþjóðavísu. Við trúum því hins vegar að ein árangursríkasta aðferðin við að ná markmiðunum á tilsettum tíma sé öflugt starf með fólkinu sjálfu. Vinnan í grasrótinni er sjálfbær og árangursrík.

**margt smátt ... gerir eitt stórt**

2. tbl. 31. ág. júní 2019

Fréttablaðið margt smátt... sem kemur út 2-4 sinnum á ári er sent endurgjaldslaust til styrktarmanna, presta, sóknarnefnda, skóla, fjölmiðla, bókasafna og annarra velunnara Hjálparstarfs kirkjunnar

**Láttu okkur vita viljir þú fría áskrift.**


Útgefandi: Hjálparstarf kirkjunnar, Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík. Skrifstofan er opin virka daga kl. 8:00 - 16:00. Síminn er 528 4400 og bréfsími 528 4401. Framkvæmdastjóri: Bjarni Gíslason.

Ritstjóri: Kristín Ólafsdóttir, kristin@help.is

Forsíðumyndin var tekin í Lyantonde í Úganda í maí 2019. Stúlkurnar eru á leið heim úr skólanum berfættar og önnur með rifinn plastpoka fyrir skólábækurnar en þær heilbrigðar og í skóla. Börnin sem misst hafa foreldra sína úr alnæmi og búa við sára fátækt í héraðinu eru það ekki. Hjálparstarf kirkjunnar og RACOBAAO vinna að bættum hag þeirra. Takk fyrir að vera með okkur í því!

Myndir: Hjálparstarf kirkjunnar.

Prentvinnsla: Litróf - Umhverfisvæn prentsmiðja



**Vilt þú styrkja starfið?**

Framlögum til verkefna Hjálparstarfs kirkjunnar má koma til skila í bönkum og sparisjóðum, til skrifstofunnar, í gegnum [www.help.is](http://www.help.is) og [www.framlag.is](http://www.framlag.is).


Gjafabréf fást á [www.gjofsemgefur.is](http://www.gjofsemgefur.is).

Reikningar sem leggja má inn á:

0334-26-27 fyrir verkefni innanlands, kt. 450670-0499.

0334-26-050886 fyrir verkefni erlendis, kt. 450670-0499.

margt smátt ... þakkar stuðninginn



NEYTENDASTOFA





# Ein eftir

Sögurnar af vettvangi eru ekki allar gleðisögur. Í fyrra ákvað samfélagið í sveitinni í Rakaihéraði í Úganda að Jane, 42 ára gömul ekkja og fjögurra barna móðir, væri sú sem helst þyrfti þar á aðstoð að halda. Húsakofi hennar og barnanna var að miklu leyti hruninn og hún mjög lasburða vegna alnæmis. Enga átti fjölskyldan innanstokksmuni og enginn til að sjá henni farborða nema 15 ára unglingspilturinn.

Hjálparstarf kirkjunnar og RACOBEO, samstarfsaðili á vettvangi, réðu því verktaka sem reisti fjölskyldunni múrsteinshús, 4000 lítra vatnstank fyrir rigningarvatn, kamar og eldaskála á örflitum landskika hennar.

Jane var orðin mjög lasburða um það leyti sem húsið var að verða tilbúið nú í vor og starfsfólk RACOBEO hjálpaði henni á næsta sjúkrahús þar sem hún fékk lyfjameðferð. Jane fékk að snúa aftur heim og hún var vongóð um að ná heilsu.

Börn Jane fyrir framan nýja múrsteinshúsið sem heldur vatni, óhreinindum og óboðnum gestum úti.

Viku áður en framkvæmdastjóri og fræðslufulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar fóru í vettvangsferð nú í maí, meðal annars til að hitta Jane, lést hún heima í kofaskriflinu á örþunnri tágamottu. Alnæmið hafði betur.

Börn Jane standa ein eftir. Elsta dóttirin, 18 ára, er búin að eignast barn, er gift og verður að sinna skyldum sínum á nýju heimili. Eftir eru 15 ára strákur sem þarf að sjá fyrir 10 og 12 ára gömlum systur sínum.

Starfsfólk RACOBEO vinnur nú hörðum höndum að því að börnin fái þá vernd sem þau þurfa. Þeirra helsta von er að barnlaus frænka vilji koma og búa með börnunum í nýja húsinu. Börnin fá geitur, áhöld og útsæði til að hefja jarðrækt og vonast



Börnin inni í gamla kofanum sem er hruninn að miklu leyti.



Systurnar eru 10 og 12 ára gamlar og eru útsettar fyrir misnotkun vegna bágrar stöðu þeirra og varnarleysis.

starfsfólkið til þess að strákurinn vilji hefja geitarækt en fari ekki burtu frá systur sínum í leit að betra lífi í bænum eða borginni.

Hjálparstarf kirkjunnar og grasrótarsamtökin RACOBEO hafa aðstoðað HIV-smitaða, alnæmissjúka og munaðarlaus börn í héruðunum Rakai og Lyantonde í Úganda frá árinu 2007. Árið 2019 fá átta fjölskyldur á svæðinu samskonar aðstoð og börn Jane en samfélagið allt nýtur góðs af.



Við hlið múrsteinshússins er reistur vatnstankur fyrir regnvatn sem safnað er af þakinu með rörum og rennu yfir í tankinn. Nágrannarnir njóta einnig góðs af tankinum og er það ein af forsendunum fyrir því að aðstoðin gengur svo vel sem hún gerir.



Börnin fá rúm, dýnur, moskítónet og eldhúshöld með húsinu. Þau fá fræðslu um mikilvægi hreinlætis til að koma í veg fyrir sjúkdöma og njóta sálræns stuðnings starfsfólks RACOBEO.

## margt smátt ... þakkar stuðninginn

**REYKJAVÍK**

A. Margeirsson ehf  
Aðalvík ehf  
Arctica Finance hf  
ARGOS ehf-Arkitektastofa Grétars og Stefáns  
Arkitektastofan OG ehf  
Arkís arkitektar ehf  
Auglýsingastofan ENNEMM  
Á.K. Sjúkraþjálfun ehf  
Áltak ehf  
Árbæjarapótek ehf  
Ásbjörn Ólafsson ehf

Berserkir ehf  
Betra líf ehf  
Birtingur ehf  
Bílamálun Sigursveins Sigurðssonar  
Bílasalan Heimsbílar ehf  
Bílasmiðurinn hf  
Bjarnar ehf  
Blómabúðin Hlíðablóm  
Bókhaldsstofa Haraldar slf  
Bónstöðin hjá Jobba ehf  
Breiðan ehf  
Brúskur hársnyrtistofa, s: 587 7900  
Brynja, Hússjóður Öryrkjabandalagsins

Calco ehf  
Danica sjávarafurðir ehf  
Danska kráin  
Dansrækt JSB ehf  
Dokkan, þekkingar- og tengslanet-www.dokkan.is  
Dýralæknastofa Reykjavíkur ehf  
Eðalbílar ehf  
Eðalflutningar ehf  
Eir ehf  
Ellen Ingvadóttir-Löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi  
Endurskoðun og reikningshald ehf

Endurskoðun og reikningskil hf  
Fanntófell ehf  
Ferska ehf  
Fiskafurðir-umboðssala ehf  
Fiskbúðin  
Fjárhald ehf  
Fjárstoð ehf  
Fjöður ehf, þvottahús  
Fossberg ehf  
Freska Seafood ehf  
Garðs Apótek  
Garðsauki ehf  
Gatnaþjónustan ehf

Gaui Pip ehf  
GB Tjónaviðgerðir ehf  
Geotek ehf  
Gilbert úrsmiður-www.jswatch.com  
Ginger ehf  
Gjögur hf  
Gnýr ehf  
Gróðrarstöðin Mörk  
Gullnesti ehf  
Gullsmiðurinn í Mjódd  
Hárgreiðslustofa Hrafnhildar ehf  
Hármiðstöðin  
Hársnyrtistofan Arnarbakka ehf

HB Grandi hf  
Helgason og Co ehf  
Herrafataverslun Birgis ehf  
Hitastýring hf  
Hjá Guðjón Ó ehf  
Hjá Hrafnhildi  
Hjá Jóa Fel, brauð og kökulist  
Hjúkrunarheimilið Skjól  
Hollt og gott ehf  
Hótel Leifur Eiríksson ehf  
Hótel Óðinsvé  
Hrafnistuheimilin  
Hreyfill

Húsasmiðjan ehf  
Hverfisgallerí  
Höfðahöllin bílasala  
Höfðakaffi ehf  
Innigardar ehf  
Innlifun ehf  
Intellecta ehf  
Island Apartments  
Íslandsstofa  
Íslenska auglýsingastofan  
Ísmar ehf  
Ísold ehf  
Jarðtækni ehf

JHM Sport ehf  
Jónar Transport hf  
Jónatansson & Co lögfræðistofa ehf  
K.F.O. ehf  
Kemi ehf-www.kemi.is  
Kjöreign ehf, fasteignasala  
Kjörgarður  
Klippuhúsið ehf  
Krumma ehf  
Kurt og Pí ehf  
Kvika banki hf  
Landssamband lögglumanna  
Leigulistinn ehf



# „Ég vil verða þekktur fyrir gæði og gott verð“

Ashraf, 19 ára, kennir unglingum fatahönnun í smiðju UYDEL samstarfsaðila Hjálparstarfs kirkjunnar í Kampala, höfuðborg Úganda.



Ashraf er einn af 500 unglingum í fátækra-hverfum Kampala höfuðborg Úganda sem njóta stuðnings frá hjartahlýju fólki á Íslandi ár hvert. UYDEL, samstarfsaðili Hjálparstarfs kirkjunnar, rekur þar smiðjur fyrir 12 – 24 ára unglinga sem eru útsettur fyrir misnotkun og illri meðferð. Krakkarnir læra þar undirstöðuatriði í iðngreinum og geta eftir ársnám séð sér farborða á sómasamlegan hátt. Utanríkisráðuneytið styrkir verkefnið.

Í fyrra hittum við Ashraf þar sem hann var að læra að sauma í smiðju UYDEL og í vor hittum við hann aftur en þá var hann að kenna unglingum þar að hanna og sauma fót. Hann hafði breyst úr feimnum en efnilegum nemanda í sjálföruggan kennara sem drifur aðra með sér.



Frænka Ashraf fór í kjól sem hann var að sauma til að sýna okkur. Ashraf tók skýrt fram að kjóllinn færi betur á konunni sem ætti kjólinn enda klæðskerasamaður.

Saga Ashraf er saga sigurvegara. Í apríl í fyrra hittum við hann í smiðju UYDEL í fátækrahverfi í Kampala, Úganda, þar sem hann var að læra að sauma. Hann sagðist þá búa hjá ömmu sinni með yngri systur sinni og að hann hefði ekki getað haldið áfram í skóla sökum efnaleysis. Í smiðju UYDEL sagðist hann fá tækifæri til að elta draum sinn um að verða dag einn frægur fatahönnuður.

Í maí síðastliðnum hittum við Ashraf aftur í sömu smiðju. Nú sem vinsælan kennara í fatahönnun og saumaskaup. Ekki nóg með það heldur stjórnaði hann trumbuslætti undir hefðbundnum dansi og sinnti jafningjafræðslu um lífsleikni og kynheilbrigði.

Við fylgdum Ashraf heim til hans þar sem hann kynnti okkur fyrir ömmu sinni og frænkum og sýndi okkur fót sem hann var að sauma fyrir fólk. Við spurðum hann hvað hann tæki fyrir hönnun



Ashraf, Bjarni framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar, Kathy og Marvin frá UYDEL á leið frá smiðjunni og í heimsókn til ömmu Ashraf. Hann þarf að nota sólhlíf þar sem litarefni vantar í húðina og hún er því mjög viðkvæm.



Ashraf útskrifaðist með hæstu einkunn úr smiðju UYDEL í vor. Í verðlaun fékk hann saumavél sem hann notar við vinnu sína heima við. Fötin sem hann klæðist á myndinn hannaði hann og saumaði sjálfur.

sína og saumaskap og hann svaraði því til að hann vildi byrja smátt og rukka ekki of háu verði fyrir vinnu sína heldur byggja upp kunnahóp og verða þekktur fyrir gæði og gott verð. Alls staðar þar sem við fórum um með Ashraf var augljóst að feimni strákurinn sem við hittumst í fyrra hafði þroskast mikið og það er ljóst að hann er leiðtogi í eigin lífi og mikil fyrirmynd annarra unglinga í fátækrahverfum Kampala.

## margt smátt ... þakkar stuðninginn

- Lifandi vísindi
- Listvinahúsið, leirkerasmiði
- Litróf ehf
- Lögfræðistofa Reykjavíkur ehf
- Lögfræðisþjónusta Sigurðar Sigurjónssonar hrl
- Lögmannafélag Íslands
- Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu
- Matthías ehf
- Motus ehf
- MS Armann skipamiðlun ehf
- Múrarameistarafélag Reykjavíkur
- Myconceptstore
- Neshamar ehf
- Nýi tónlistarskólinn
- Nýi ökuskólinn ehf
- Nýtt Skil slf
- One Systems Ísland ehf
- Orka ehf
- Ottó B. Arnar ehf
- Ó. Johnson & Kaaber ehf
- Ósal ehf
- Pixel ehf
- Pjakkur ehf
- Plast - miðar og tæki ehf
- Prinsinn, söluturn

- Pökkun og flutningar ehf
- Rafna ehf
- Raflax ehf
- Rannsókn- og háskólanet Íslands
- Rarik ohf
- Reyktal þjónusta ehf
- Rikki Chan ehf
- Samtals ehf
- Samtök starfsmanna fjármálayfirtækja-SSF
- Sífka ehf
- Signa ehf, skiltagerð
- Sjónlag hf
- Skóverslunin Bossanova
- Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs
- Sólon Bistro
- Stansverk ehf
- Styrja ehf
- Tannlæknastofa Bjarna Sigurðssonar
- Tannlæknastofa Geirs A Zoega
- Tannlæknastofa Sigurjóns Arnlaugssonar ehf
- Tannsteini ehf
- Tannval Kristínar Gígju
- Tannþing ehf
- TCM Innheimta ehf

- Terra Export ehf
- THG Arkitektar ehf
- Tónastöðin ehf
- Trésmiðja GKS ehf
- Trévirki ehf
- Tölvar ehf
- Umslag ehf
- Útfararstofa Svafars og Hermanns ehf
- Útgerðarfélag Reykjavíkur hf
- VA arkitektar ehf
- Valva lögmenn slf
- Varmi ehf
- VDO ehf

- Verslunin Álfheimar
- Vélar og verkfæri ehf
- Við og Við sf
- Virkjun ehf
- VSÓ Ráðgjöf ehf
- Vörður Íslandstrygging
- Vörn, öryggisfyrirtæki
- Wurth á Íslandi ehf
- XCO ehf
- Þorsteinn Bergmann ehf
- Þrír Frakkar hjá Úlfari, veitingahús
- Ökumennt ehf
- Örninn - hjól

- SELTJARNARNES**
- Borgarblöð ehf
- H.Ó. & B. sf
- Horn í horn ehf, parketlagir

- VOGAR**
- Sólark-Arkitektar-www.sola@solark.is, s: 861 2707

- KÓPAVOGUR**
- Automatic ehf, heildverslun
- Ásberg slf
- Bifreiðastillingin ehf

- Blicksmiðjan Vík ehf
- Bólstrun Ásgríms Þ Ásgrímssonar ehf
- Byggaþjónustan bókhald og ráðgjöf
- CampEasy ehf
- Deloitte hf
- dk hugbúnaður ehf-www.dk.is
- Einar Ágústsson & Co ehf
- Einar Beinteins ehf - Dúklagningameistari
- Exton ehf
- Fararsnið, léttar gönguferðir um Ítalíu
- Fasteignamiðstöðin ehf
- Fríkirkjan Kefas
- GG Sport

Fimmtán fjölskyldur frá Íslandi, Marokkó, Úganda, Sýrlandi og Póllandi komu í sumarfrí Hjálparstarfs kirkjunnar og Hjálpræðishersins í sumarbúðum skáta við Úlfjótsvatn í byrjun júní.



Í fyrsta sinn út fyrir höfuðborgarsvæðið

## „Dásamlegir dagar í frábæru veðri!“

Góð stemning ríkti í sumarbúðum skáta við Úlfjótsvatn dagana 11. – 14. júní en þá stóðu Hjálparstarf kirkjunnar og Hjálpræðisherinn á Íslandi saman að fjögurra daga sumarfríi fyrir fjölskyldur sjötta sumarið í röð. Þátttakendur voru yfir sig ánægðir með veðrið að þessu sinni enda sól og blíða alla dagana.

Tilgangurinn var sem fyrr að stuðla að jákvæðri upplifun fyrir börn og foreldra sem búa við efnislegan skort og hafa alla jafna ekki tók á að fara saman í frí. Fimmtán fjölskyldur frá Íslandi, Marokkó, Úganda, Sýrlandi og Póllandi komu í fríið að þessu sinni. Meðal skipulagðra dagskrárlíða voru klifur, sund, bátaferðir, bogfimi, vatnasafarí og kvöldvökur.

Meðal þeirra sem komu í sumarfríið við Úlfjótsvatn að þessu sinni voru Marion og dætur hennar fjórar frá Úganda. Þær hafa búið á Íslandi í eitt ár en höfðu þó ekki farið út fyrir höfuðborgarsvæðið fyrr. „Ég var yfir mig spennit að fá að fara í þetta sumarfrí. Ég átti ekki von á að gera neitt sérstakt í sumar,“ sagði hún. „Það var allt skemmtilegt. Við lærðum svo margt nýtt eins og klifur, bogfimi og að grilla sykurpúða. Það var alltaf verið að spjalla við okkur og bjóða okkur að vera með í hinu og þessu,

eins og að fara í sund, það var frábært! Við kynntumst fullt af fólki og mynduðum tengsl hérna á þessum fallega stað. Við spjölluðum og spiluðum og ég lærði að vera meira frjáls innan um fólk. Það var líka gaman hvað þetta verkefni sameinaði fólk með ólíkan bakgrunn. Hér voru allir saman í sátt og samlyndi óháð uppruna, trúarbrögðum og gildum. Ég myndi gjarnan vilja koma aftur að ári!“



### margt smátt ... þakkar stuðninginn

Gróðrarstöðin Storð ehf  
Grunnlagnir ehf, Pípulagnþjónusta  
Hagblikk ehf  
Hefilverk ehf  
Húsfélagþjónustan ehf  
Hvellur-G. Tómasson ehf  
Hvísl ehf  
IClean ehf  
Iðnaðarlausnir ehf  
Ingi hópferðir ehf  
Ison ehf  
Ísfix ehf  
Kambur ehf

Kópavogsbær  
Landmótun sf  
Laser-tag Ísland  
Lindakirkja  
lindesign.is  
Línan ehf  
LK pípulagnir ehf  
Loft og raftæki ehf  
Lokasjóður ehf - bókhaldstofa  
Malbiksviðgerðir ehf  
Nobex ehf  
Ólafssynir ehf  
Pústverkstæði Hjá Einarí

Rafmiðlun hf  
Rafvirkni ehf  
Scandinavian Tank Storage hf  
Sláttu- og garðþjónusta Suðurlands  
Slot ehf  
Suðurverk hf  
Söluturninn Smári  
Tengi ehf  
Tröllalagnir ehf, pípulagnaþjónusta  
Tækniþjónusta Ragnars G Gunnarssonar ehf  
Vatn ehf  
Vatnsborun ehf

Vetrarsól ehf, verslun  
Visitor, ferðaskrifstofa  
ZsaZsa hárgreiðslustofa sf

### GARÐABÆR

Apótek Garðabæjar  
Engilbert ÓH Snorrason tannlæknastofa sf  
Fagval ehf  
Fjallatindar ehf  
Garðabær  
Garðasókn  
Geislatækni ehf - Laser þjónustan  
Góa-Linda sælgætisgerð ehf

Hafnasandur hf  
Hagråd ehf  
Hannes Arnórsson ehf  
Hjallastefnan ehf  
Kerfóðrun ehf  
Loftorka Reykjavík ehf  
Samhentir  
Stjörnu-Oddi hf  
Úranus ehf  
Versus bílaréttingar og málnun  
Vélsmiðja Þorgeirs ehf  
Öryggisgirðingar ehf

### HAFNARFJÖRÐUR

Aðalskoðun hf  
Aflhlutir ehf  
Ás, fasteignasala ehf  
Barak.is  
Barkasuða Guðmundar ehf  
Bilaverk ehf bilamálun og réttingar  
Bókhaldsstofan ehf  
Dverghamrar ehf  
Eldvarnarþjónustan ehf  
EÓ-Tréverk sf  
Fjarðarkaup ehf  
Gámaþjónustan hf

Gröfþjónusta Grafa og grjót ehf  
Hagtak hf  
Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð  
Íshestar ehf  
Kerfi fyrirtækjaþjónusta ehf  
Kjartan Guðjónsson, tannlæknir  
Kona Tískuverslun  
Krossborg ehf  
Markus Lífenet  
Netorka hf  
Opal Sjávarfang ehf  
Pálmar Sigurðsson  
Rúnir verktakar ehf

Skerpa renniverkstæði  
Snittvélin ehf  
Strendingur ehf  
Sæblik ehf - Holtanesti  
ThorShip  
Trésmíðjan okkar ehf  
Umbúðamiðlun ehf  
Úthafsskip ehf  
Útvík hf  
Verkalýðsfélagið Hlíf  
Vélrás bifreiða- og vélaverkstæði  
Þvottahúsið ehf

# Fjölmiðlaverðlaun götunnar verða veitt á Evrópuvísu árið 2020

Pepp Ísland, samtök fólks í fátækt, afhenda árlega Fjölmiðlaverðlaun götunnar en markmið með þeim er að hvetja fjölmiðlafólk til þess að fjalla faglega um fátækt á Íslandi. Pepp er grasrótarhreyfing EAPN á Íslandi sem aftur er hluti af evrópska tengslanetinu European Anti-Poverty Network sem berst gegn fátækt og félagslegri einangrun með ýmsum hætti í Evrópu.

Fagleg fjölmiðlaumfjöllun er eitt öflugasta baráttutæki gegn fátækt sem til er. Slik umfjöllun varpar ljósi ekki aðeins á þær aðstæður sem jafnarsettur hópar glíma við heldur einnig á kerfislegar brotalamir og aðstæður sem skapa vandamálin og viðhalda þeim. Vönduð fjölmiðlaumfjöllun stuðlar að upplýstri umræðu og verður jafnvel til þess að knýja fram breytingar.

EAPN í Austurríki hefur afhent fjölmiðlafólki þar verðlaun fyrir faglega umfjöllun um fátækt frá árinu 2011. Árið 2015 tóku fulltrúar frá öðrum Evrópulöndum þátt í vinnustofu EAPN í Austurríki til þess að þróa svipuð verkefni heima fyrir. Pepp

Ísland var svo meðal þeirra fyrstu til að afhenta verðlaunin en Fjölmiðlaverðlaun götunnar voru veitt í fyrsta sinn á Íslandi í febrúar 2017. EAPN í Króatíu, Serbíu, Finnlandi, Ungverjalandi, Makedóníu, Rúmeníu, Portúgal og Noregi hafa nú einnig veitt þarlandu fjölmiðlafólki sambærileg verðlaun.

Vegna góðrar þátttöku og velgengni verkefnisins hafa móðursamtökin nú ákveðið að efna til sérstakra Evrópuverðlauna þar sem valið verður milli verðlaunaumfjallana á landsvísu. Stefnt er að því að veita verðlaunin fyrir faglegustu fjölmiðlaumfjöllun um fátækt í Evrópu í fyrsta sinn í Brussel árið 2020.

Unnið er hörðum höndum að skipulagi verkefnisins og tekur EAPN á Íslandi og Pepp Ísland virkan þátt í þeirri vinnu. Í maí sl. sóttu Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi Hjálparstarfs kirkjunnar, formaður EAPN hérlandis, og Laufey Líndal Ólafsdóttir fulltrúi Pepp Ísland þannig vinnustofu um framvindu þess í Búkarest í Rúmeníu. Evrópusambandið styrkir verkefnið.



Laufey Líndal Ólafsdóttir fulltrúi Pepp Ísland kynnti íslensku verðlaunin á vinnustofu EAPN í Rúmeníu í maí síðastliðnum.



Röskur hópur kvenna og barna af ýmsu þjóðerni ræktar grænmeti í Seljagarði í Breiðholti nú í sumar.

Tólf konur og fimm börn þeirra taka nú þátt í garðaverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Seljagarði í Breiðholti sem ber heitið Ræktaðu garðinn þinn! Hjálparstarfið skipulagði garðavinnu í samstarfi við Hjálpræðisherinn í Reykjavík í fyrsta sinn árið 2015 og hefur þátttaka í verkefninu aukist jafnt og þétt en aldrei hafa fleiri tekið þátt í því en nú.

Garðavinnan er tilvalið samvinnuverkefni fyrir fjölskyldurnar sem rækta ýmiss konar kryddjurtir, grænmeti og jafnvel jarðarber undir leiðsögn garðyrkjufæðings. Í haust stendur til að halda uppskeruhátíð með námskeiði um matreiðslu og hentuga geymslu grænmetis. Gildi verkefnisins felst ekki síst í útveru, hreyfingu og gæðasamverustundum fjölskyldanna sem í því taka þátt.



## margt smátt ... þakkar stuðninginn

### ÁLFTANES

GO múrverk ehf

### REYKJANESBÆR

Allt Hreint ræstingar ehf  
Benni pipari ehf  
Bergnet ehf  
Bókhalds- og rekstrarþjónusta Gunnars Þórarinssonar  
DMM Lausnir ehf  
Ístek ehf  
M² Fasteignasala & Leigumiðlun  
Maron ehf

Nesraf ehf  
Pulsuvagninn í Keflavík  
Reiknistofa fiskmarkaða hf  
Rétt sprautun ehf  
Rörlagningamaðurinn ehf  
Rörvirki sf, Lúðvík Gunnarsson  
SB Trésmiði ehf  
Skartsmiðjan  
Skólamatúr ehf  
Skólar ehf  
Starfsmannafélag Suðurnesja  
TM Bygg ehf  
UPS á Íslandi

Verkfræðistofa Suðurnesja hf  
Vísir, félag skipstjórnarmanna á Suðurnesjum  
Örk ehf

### GRINDAVÍK

Einhamar Seafood ehf  
Fanndals Lagnir ehf  
Lagnaþjónusta Þorsteins ehf  
Ó S fiskverkun ehf

### SANDGERÐI

Bylgja Dröfn Jónsdóttir

Verk- og tölvuþjónustan ehf

### GARÐUR

Aukin Ökuréttindi ehf  
Leikskólinn Gefnarborg  
Pétur Bragason ehf  
Suðurnesjabær  
Þorsteinn ehf

### MOSFELLSBÆR

Álguggar JG ehf  
Fagverk verktakar sf  
Hestaleigan Laxnesi

HT 1 ehf

Mosfellsbakari  
Múrefni ehf  
Nonni litli ehf  
Reykjalundur endurhæfing  
Útilegumaðurinn ehf  
Vélsmiðjan Sveinn ehf  
vinilparket.is

### AKRANES

Bílasala Akraness ehf - Bílás  
Bílver, bílaverkstæði ehf  
Garðar Jónsson, málameistari

Meitill ehf

PIPÓ ehf  
Sementsverksmiðjan hf  
Skipaskagi ehf  
Smurstöð Akraness sf  
Trésmiðjan Akur ehf  
Vélsmiðja Ólafs R Guðjónssonar ehf  
Vogir og Lagnir ehf

### BORGARNES

B. Björnsson ehf  
Borgarbyggð  
Kaupfélag Borgfirringa

Kvenfélag Staðholtstungna  
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi  
Sprautu- og bifreiðaverkstæðið  
Borgarness sf  
Trésmiðja Pálma ehf Hálsaskóg Skorradal

### STYKKISHÓLMUR

Agustson ehf  
Sæferðir ehf

### GRUNÐARFJÖRÐUR

Dodds ehf  
Þjónustustofan ehf

### ÓLAFSVÍK

Litlálón ehf  
Steinprent ehf  
Steinnun ehf

### HELLISSANDUR

Esjar ehf  
Sjáváriðjan Rifi hf  
Skarðsvík ehf

### REYKHÓLAHREPPUR

Reykholahreppur  
Þörungaverksmiðjan hf



SMS hópurinn naut veðurbliðunnar í vorferð sem farin var í júnibyrjun til að halda upp á lok árangursríks vetrarstarfs.

## „Allt gaman og félagsskapurinn æðislegur“

Fjórtán konur taka þátt í verkefnum „Stattu með sjálfri þér“ eða SMS eins og við köllum það. Verkefnið hóf göngu sína í febrúar 2018 en markmið þess til tveggja ára eru að þátttakendur, konur sem eru utan vinnumarkaðar, fái bætt sjálfsmynd sína og aukna trú á eigin getu, að þær styrki tengslanet sitt til að koma í veg fyrir félagslega einangrun og að þær eflist í foreldrahlutverkinu. Konurnar hittast alla fimmtudaga í Grensáskirkju undir handleiðslu Sædisar og Helenu, félagsráðgjafa Hjálparstarfs kirkjunnar en velferðarráðuneytið styrkir starfið.

Á dögnum fór hópurinn í vorferð til að fagna sumri og setja punkt aftan við skemmtilegan og árangursríkan vetur. Dagurinn hófst á kaffi og bakkelsi í Grensáskirkju en þaðan lá leiðin á safnið *Tales from Iceland* sem staðsett er í gamla Austurbæjarbíói. Eftir að hafa horft á hin ýmsu myndbrot af Íslandi og

íslenski menningar- og fréttasögu var farið í Hannesarholt í hádegismat þar sem hópurinn fékk góða kynningu á húsinu og sögu Hannesar Hafstein. Eftir hádegismat var ferðinni heitið í *Reykjavík Escape* þar sem hópurinn var læstur inni í tveimur herbergjum og fékk það verkefni að ráða fram úr vísbendingum til að koma sér út. Reyndi það mikið á samvinnu hópsins, útsjónarsemi og athyglisáfu.

Dagurinn var dásamlegur í alla staði og naut hópurinn samverunnar til hins ítrasta. „Dagurinn í dag var æðislegur frá A – Ö“ og „Það var ALLT gaman og félagsskapurinn æðislegur“ var meðal þess sem konurnar skrifuðu á facebooksíðu hópsins eftir daginn. SMS hópurinn mun taka upp þráðinn á ný í byrjun september en þá biða hans fjöldamörg valdeflandi verkefni.


## Góðgerðardagur Kársnesskóla

Á góðgerðardegi Kársnesskóla þriðjudaginn 4. júní var boðið upp á hoppukastala, kassabílarally, draugahús, stuttmyndabíó, handverksmarkað, listmuni, bakkelsi, pizzur, nýbakaðar vöflur, flóa- og fatamarkað, blöðrudýr, þrautabraut, andlitsmálun, lestur spákonu og tónlistaratriði á sal, hvorki meira né minna. Allur ágóði af sölu rann til verkefna Hjálparstarfs kirkjunnar í þágu barnafjölskyldna á Íslandi sem búa við fátækt.



Marteinn og Stefania tóku á móti viðurkenningar- og þakkarskjali frá Hjálparstarfi kirkjunnar fyrir hönd nemenda Kársnesskóla.

## Börn og foreldrar á Kársnesi aðstoða efnalitlar fjölskyldur



Á vorhátíð og góðgerðardegi Kársnesskóla þann 4. júní síðastliðinn söfnuðu nemendur og foreldrafélag 420 þúsund krónum til stuðnings við efnalitlar fjölskyldur á Íslandi. Nemendur í 7. bekk völdu málefnið að undangenginni fræðslu um hjálparamtök á Íslandi.

„Hjálparstarf kirkjunnar er ein af öflugustu hjálparamtökum sem setur velferð barna í forgang hér á landi og eru sérstakir talsmenn fátækra,“ segir í rökstuðningi skólans fyrir valinu. Hjálparstarf kirkjunnar þakkar nemendum, foreldrum og kennurum Kársnesskóla kærlega fyrir traustið og frábæran stuðning við starfið!

### margt smátt ... þakkar stuðninginn

#### ÍSAFJÖRÐUR

GG málningarþjónusta ehf  
Hamraborg ehf  
Harðfiskverkun Finnþoga, s: 456 3250  
Ísblíkk ehf  
Jón og Gunna ehf  
Orkubú Vestfjarða ehf  
Verkstjórafélag Vestfjarða  
Vestfjarðaleið ehf

#### BOLUNGARVÍK

Bolungarvíkurkaupstaður  
Endurskoðun Vestfjarða ehf  
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf  
Vélvirkinn sf

#### SÚÐAVÍK

Súðavíkurhreppur

#### PATREKSFJÖRÐUR

Vestmar ehf

#### TÁLKNAFJÖRÐUR

Bókhaldsstofan Tálknafirði  
Gistiheimilið Bjarmalandi, s: 891 8038

#### BILDUDALUR

Hafkalk ehf  
HVAMMSTANGI  
Geitafell - Seafood Restaurant  
Steypustöðin Hvammstanga ehf

#### BLÖNDUÓS

Blönduósþær  
Heiðar Kr. ehf

#### HÚNAVATNSHREPPUR

Kvenfélag Svinavatnshrepps  
Stéttarfélagið Samstaða  
Ungmennasamband Austur-Húnavetninga  
USAH

#### SKAGASTRÖND

Vík ehf

#### SAUÐÁRKRÓKUR

Efnalaug og þvottahús  
Kaupfélag Skagfirðinga  
K-Tak ehf

#### AKUREYRI

Baldur Halldórsson ehf  
Bílapartasalan Austurhlíð  
Blikkrás ehf  
Bútur ehf  
Fasteignasalan Byggð  
Gróðrarstöðin Réttarhóll ehf-www.rettarholl.is  
Gróðrarstöðin Sólskógar ehf  
Grófargil ehf  
Hagvís ehf  
Hlíð hf  
Hlíðarskóli

#### HÖLDUR ehf, bílaleiga

Index tannsmíðaverkstæði ehf  
Íslensk verðbréf hf  
Keahótel ehf  
KG sendibílar  
Kraftar og afl ehf  
Kraftbilar ehf  
Ljósco ehf  
Lögmanshlíð lögræðilþjónusta ehf  
Pípulagningaþjónusta Bjarna F  
Jónassonar ehf  
Samherji ehf  
Sjúkrahúsið á Akureyri

#### SKJALDARVÍK ferðaþjónusta

Skóhúsið - Bónusskór  
Skútabergh ehf  
Steypusögun Norðurlands ehf  
Timbra ehf, byggingarverktaki  
Túnþökusalan Nesbræður ehf  
Veitingastaðurinn Krua Siam

#### GRÍMSEY

Ragnhildur Hjaltadóttir  
Sigurbjörn ehf

#### DALVÍK

Ektafiskur ehf  
Hibýlamálun, málningarþjónusta ehf

#### ÓLAFSFIÖRÐUR

Norlandia ehf


#### HÚSAVÍK

Bílaleiga Húsavíkur ehf

#### LAUGAR

Gistiheimilið Stóru-Laugar, s: 464-2990  
Kvenfélag Reykdæla  
Sparisjóður Suður-Þingeyinga

# ÉG LÆRÐI AÐ HLUSTA



Í vor lauk ég námi til meistaraáráðu í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands og öðlaðist þar með starfsréttindi sem félagsráðgjafi. Að verða félagsráðgjafi var ekki eitthvað sem mig hafði dreymt um að verða frá barnsaldri heldur þróaðist áhuginn í gegnum árin. Ég byrjaði í félagsráðgjöf þrítug að aldri og þá orðin viss um að ég vildi starfa með fólki í mínu framtíðarstarfi.

Í náminu er farið yfir þau fræði sem aðstoða okkur við að skilja þroska og hegðun einstaklinga frá vöggum til grafar. Við erum frædd um íslenskt samfélag og fáum þjálfun í að vinna með einstaklingum, fjölskyldum og hópum. Við lærum að skoða heildarmyndina í hverjum aðstæðum og að hafa mannréttindi og hjálp til sjálfshjálpar að leiðarljósi.

Undir lok náms fara nemendur í lengra starfsnám sem þeir ráða engu um. Í upphafi vorannar var mér sagt að starfsnám mitt yrði hjá Hjálparstarfi kirkjunnar. Áður en til þess kom þóttist ég vita hvað í starfinu fælist en komst fljótt að því að það er svo miklu meira og stærra en mataraðstoð og fataúthlutun eins og ég hafði haldið.

Sjálfstyrkingarnámskeið fyrir konur sem búa við örorku, saumaverkefni fyrir konur úr hópi hælsleitenda og innflytjenda þar sem þær sauma, spjalla og borða saman og Breiðhóltsbrúin sem er vettvangur þar sem einstaklingar hittast, fönndra og borða saman eru til dæmis um verkefni sem skipulögð eru með þeim sem þjónustunnar njóta.

Á þeim þremur mánuðum sem ég var við starfsnám hjá Hjálparstarfinu voru unglingar styrktir til náms, börn styrkt til íþróttar og tómstundastarfs, fjölskyldur aðstoðaðar með innanstokksmuni, ungbarnavörur, afmælisgjafir og tækifæri til samveru. Félagsráðgjafar voru í óða önn að skipuleggja sumarfrí fyrir fjölskyldur þar sem þær njóta samverunnar og garðyrkjuverkefni þar sem fjölskyldur rækta saman grænmeti yfir sumartímam.

Svo eru það verkefni í löndum eins og Indlandi, Úganda og Eþíopíu þar sem konur eru styrktar til atvinnu, börn til náms, aðgengi að drykkjarvatni bætt, sjálfbærni samfélaga er aukin og lífsviðurværi einstaklinga og fjölskyldna er tryggt.

Ég varði þremur ógleymanlegum mánuðum í starfsnámi hjá Hjálparstarfi kirkjunnar. Ég lærði að mæta einstaklingum í margskonar aðstæðum, hlusta, spyrja spurninga og fá heildræna sýn á aðstæður þeirra. Ég lærði að vinna með fólki og mæta því á þeirra forsendum.

Hjá Hjálparstarfi kirkjunnar kynntist ég baráttufólki sem eru málsvarar þeirra sem hafa oft ekki rödd og tala máli þeirra á ýmsum vettvangi í samfélaginu í baráttunni um betri lífskjör. Það var gott að vera hjá Hjálparstarfinu og ég fór þaðan út reynslunni ríkari. Takk fyrir mig!

*Lilja Gísladóttir, M.A í félagsráðgjöf frá H.Í í júní 2019 og starfsnemi hjá Hjálparstarfi kirkjunnar um vor sama ár.*

innifinnir

- Það er sérstakt markmið Hjálparstarfs kirkjunnar að koma í veg fyrir félagslega einangrun barna og unglunga sökum efnaleysis. Í upphafi skólaárs útvegum við efnalitlum foreldrum um land allt inneignarkort í matvöru- og fataverslunum sem og í verslunum með skólavörur svo sem pennaveski og skólatöskur. Einnig eru veittir styrkir vegna íþróttaiðkunar, tónlistarnáms og tómstunda barna og unglunga. Í ágúst leitum við til landsmanna um aðstoð með því að senda valgreiðslu í heimabanka. Takk fyrir að vera með í að hjálpast að!
- Níu hlauparar hafa skráð sig til leiks og hlaupa fyrir Hjálparstarf kirkjunnar í Reykjavíkumaraþoni Íslandsbanka þann 24. ágúst. Viltu heita á hlaupara? Það getur þú gert á hlaupastyrkur.is. Öll áheiti renna óskert til aðstoðar við börn og ungmenni í upphafi skólaárs.
- Þann 23. ágúst stendur Reykjavíkúrprófastsdæmi vestra fyrir móttöku og hvatningarsamveru fyrir þá sem hlaupa Reykjavíkumaraþon 2019 til stuðnings Hjálparstarfi kirkjunnar. Móttakan verður haldin í Safnaðarheimili Háteigskirkju klukkan 17-19. Á samkomunni verða flutt ávörp til hvatningar fyrir hlauparana, notið léttra veitinga og að lokum verður stutt samvera í kirkjunni. Hjartanlega velkomin á viðburðinn til hvatningar fyrir hlauparana!
- Félagsráðgjafar Hjálparstarfsins munu taka á móti umsóknum um aðstoð í upphafi skólaárs, svo sem vegna íþróttar- og tómstundastarfs undir lok ágústmánaðar.
- Nú eru okkar framúrskarandi sjálfboðaliðarnir komnir í sumarfrí en þeir mæta aftur til starfa þann 20. ágúst og þá getur fólk sótt sér notaðan fatnað á lager Hjálparstarfs kirkjunnar, Háaleitisbraut 66, neðri hæð. Opið verður á þriðjudögum klukkan 10 - 12.
- Aðalfundur fulltrúaráðs Hjálparstarfs kirkjunnar verður í safnaðarsal Grensáskirkju laugardaginn 21. september 2019.
- Börn í fermingarfræðslu þjóðkirkjunnar munu ganga í hús um land allt með innsiglaða söfnunarbauka Hjálparstarfs kirkjunnar og safna fyrir verkefnum Hjálparstarfsins í Afríku dagana 29. – 31. október 2019. Framlag þeirra er ómetanlegt!
- Minningarkort Hjálparstarfs kirkjunnar fást á skrifstofu og á help.is og gjafabréfin okkar á gjofsemgefur.is

**Bestu þakkir fyrir dýrmætan stuðning við starfið!**



## margt smátt ... þakkar stuðninginn

### MÝVATN

Dimmuborgir guesthouse  
Hlíð ferðabjónusta ehf  
Mývatn Tours Mývatnssveit  
Vogar ferðabjónusta

### HÓTEL EYVINDARÁ

Klassik ehf  
Miðás ehf  
Myndsmiðjan ehf  
Tréiðjan Einir ehf

### BAKKAFJÖRÐUR

K Valberg slf

### SEYÐISFJÖRÐUR

Seyðisfjarðarkaupstaður

### EGILSSTAÐIR

Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf  
Gistihúsið - Lake Hotel Egilsstaðir  
Gunnarsstofnun  
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf

### REYÐARFJÖRÐUR

Fjarðabyggð  
Launafl ehf  
Tærgesen, veitinga- og gistihús

### ESKIFJÖRÐUR

Egersund Island ehf  
Fjarðarþrif ehf  
Kaffihúsið Eskifirði  
R.H.gröfur ehf

### NESKAUPSTAÐUR

Verkmenntaskóli Austurlands

### DJÚPAVOGUR

Berunes farfluglaheimili ehf  
Smástál ehf

### HÖFN Í HORNAFIRÐI

Birkifell ehf  
Rósaberg ehf  
Prastarhóll ehf  
Ögmund ehf

### SELFOSS

Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf  
Bókakaffið  
Búhnykkur sf  
Eðalbyggingar ehf  
Fasteignasalan Árborgir ehf  
Flóahreppur  
Fræðslunetið - símenntun á Suðurlandi  
Gesthús Selfossi, gistihús og tjaldsvæði

### Hjá Maddý ehf

Hótel Gullfoss  
Kökugerð H P ehf  
Málarinn Selfossi ehf  
Pípulagningabjónusta Ottós slf  
Pylsuvagninn Selfossi við brúarendann  
Rafmagnsverkstæði Jens og Róberts ehf  
Reykjóll ehf  
Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
Stálkrókur ehf  
Svavar Sveinsson  
Sveitarfélagið Árborg  
Tæki og tól ehf

### HVERAGERÐI

Listasafn Árnesinga

### ÞORLÁKSHÖFN

Sveitarfélagið Ölfus

### ÖLFUS

Eldhestar ehf  
Gljúfurbústaðir ehf  
Bjartás slf  
Kvenfélag Stokkseyrar

### LAUGARVATN

Ásvélar ehf

### FLÚÐIR

Gröfutekni ehf  
Hitaveita Flúða og nágrennis  
Hrunamannahreppur  
HELLA  
Hestvit ehf  
Strókur ehf  
Trésmiðjan Ingólfs ehf

### HVOLSVÖLLUR

Kvenfélagið Hallgerður  
Rangárþing eystra  
Skógasafn Skógum

### KIRKJUBÆJARKLAUSTUR

Hótel Klaustur  
Kvenfélag Kirkjubæjarhrepps  
Skaftárhreppur

### VESTMANNAEYJAR

Bergur-Huginn ehf  
Bílaverkstæði Sigurjóns  
Huginn ehf  
Íþróttabandalag Vestmannaeyja  
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja  
Ós ehf  
Teiknistofa Páls Zóphóníassonar ehf



# Pollasjóður

**Styrktu barn til tónlistarnáms**



**Veittu tónlistarfólki framtíðarinnar ómetanlegan stuðning.**

Með því að gefa gjafabréf frá Pollasjóðnum styður þú við markmið sjóðsins sem stofnaður var í þeim tilgangi að veita börnum efnalítilla foreldra styrk og þar með tækifæri til að láta draum sinn rætast og stunda tónlistarnám.

***Gefðu gjöf sem gefur!***